

**Nd.**

## **266. Frumvarp til laga**

um viðauka við l. nr. 56/1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja aftur til jarðareiganda við hæfilegu verði að mati Búnaðarfélags Íslands land, er af hendi hefur verið látið undan jörðinni upp í áveitukostnað, enda sé landið að dómi Búnaðarfélags Íslands hvorki eitt sér né með sameiningu við annað aðliggjandi land, er ríkið á, til þess fallið að reka á því lífvænlegt, sjálfstætt bú.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Stjórn Flóaáveitufélagsins hefur óskað þess, að frumv. um þetta efni væri flutt á þessu þingi.

Þegar stofnkostnaður Flóaáveitunnar var gerður upp, var jarðareigendum á áveitusvæðinu heimilt að greiða áveitukostnaðinn með landi. Allmargir greiddu með landi. Á þennan hátt eignaðist ríkið um 1200 ha. víðs vegar um Flóann. Mikið af þessu landi liggur þannig, að ekki er hægt að mynda á því sjálfstæð býli. Landspildurnar eru of litlar til þess og ekki hægt að sameina þær.

Þegar afhending landsins fór fram, var ekki lokið til fulls að hlaða flóðgarða eða ræsa landið fram. Á löndum ríkissjóðs hefur ekkert verið gert. Veldur það ymsum bændum, er lönd eiga að ríkissjóðslandinu, miklum óþægindum, sakir þess að þeir geta ekki þurrkað lönd sín, eins og vera þyrfti. Flóðgörðum á landi ríkissjóðs hefur ekki einu sinni verið haldið við. Margir bændur vildu því gjarnan kaupa þessar landspildur til þess að geta fremur komið áveitulöndum sínum í lag.

Það, sem líka ýtir undir bændur að falast eftir kaupum á landinu, er, að þeir verða nú að hafa allan sinn fénað í heimalöndum á sumrin. Vegna fjárpestanna er þeim meinað að reka sauðfé sitt til afréttar. Þetta veldur bændum miklum óþægindum, og hafa þeir mikla þörf fyrir aukið landrými.

Það af landi ríkissjóðs, sem liggur svo samfellt, að það er nógu stórt til þess að mynda sjálfstæð býli, er ekki ástæða til að heimila sölu á, enda þess ekki óskað af hálfu áveitustjórnarinnar.